

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðar – drög á Samráðsgátt

Samkeppniseftirlitið vísar til frumvarps til laga um leigubifreiðar sem nú er til umsagnar á samráðsgátt Stjórnarráðsins.


Af því tilefni vill Samkeppniseftirlitið áréttu nauðsyn þess að lagaumgjörð um leigubílaakstur sé tekinn til endurskoðunar. Hefur eftirlitið á liðnum árum mælst ítrekað til þessa í álitum, tilmælum og umsögnum til stjórnvalda. Nálgast má þessa umfjöllun á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, nánar tiltekið yfirlitssíðu um samkeppni á leigubílamarkaði, á þessari slóð:

<https://www.samkeppni.is/utgafa/i-brennidepli/samkeppni-a-leigubifreidamarkadi/>

Jafnframt vísar Samkeppniseftirlitið til þess að nú stendur yfir vinna við mat á samkeppnislegum áhrifum laga og reglna í ferðaþjónustu og á byggingastarfsemi. Er vinnunni stýrt af OECD samkvæmt samningi við íslensk stjórnvöld. Leigubifreiðaakstur er sérstaklega tekin til skoðunar, sem hluti af ferðaþjónustu. Væntir Samkeppniseftirlitið þess að höfð verði hliðsjón af þessari vinnu og niðurstöðum hennar við frekari undirbúning frumvarpsins.

Samkeppniseftirlitið fagnar að lagaumgjörð um leigubílaakstur sé tekinn til endurskoðunar, og áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Guðmundur Haukur Guðmundsson